

Fundur í samstarfsráði

27. maí 2019 kl. 10 – 15.30.

Fundur haldinn í Háhyrnu í húsnæði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Mættir:

Anna María Gunnarsdóttir, Anna Lydía Helgadóttir, Birna María Svanbjörnsdóttir, Björk Óttarsdóttir formaður, Freyja Haraldsdóttir (til vara fyrir Guðrúnu), Guðbjörg Pálsdóttir (til vara fyrir Guðrúnu), Guðrún Edda Bentsdóttir, Hulda Karen Daníelsdóttir, Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Kristín Valsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Sonja Dögg Pálsdóttir, Sólrún Harðardóttir starfsmaður, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Þorsteinn Sæberg, Þórður Kristjánsson og Ægir Karl Ægisson.

Forföll boðuðu: Guðni Olgeirsson, Guðrún Ragnarsdóttir, Haraldur Árni Haraldsson, Helgi Arnarson, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Magnús Þorkelsson og Sigrún Grendal.

Dagskrá:

- Tillögur samstarfsráðs
 - Farið yfir fram komnar tillögur frá vinnuhópum
 - Tillögur ræddar í hópum
 - Ráðið fer saman yfir athugasemdir frá hópunum og ræðir þær
- Staða verkefna (þróunarverkefni, vefurinn, Samspil).
- Önnur mál.

Björk setti fundinn og fór yfir dagskrá. Meginviðfangsefni fundarins voru tillögur samstarfsráðs. Unnið hefur verið að því að setja niður tillögur í vinnuhópum, einkum í stoðkerfishópi og háskólahópi. Starfsmaður, stýrihópur og formaður hafa unnið áfram með tillögurnar og hefur þeim nú verið komið fyrir í einu skjali (sjá vinnusvæði samstarfsráðsins). Skjalið er kaflaskipt: tillögur sem tengjast a) menntayfirvöldum, b) háskólum sem mennta kennara, c) endurskoðun á sjóðum sem styðja við starfsþróun kennara og skólastjórnenda, d) skólastjórnendum sérstaklega og e) uppbyggingu lærdómssamfélags í skólum.

Björk Óttarsdóttir fór yfir skjalið með tillögunum og því næst var fundarmönnum skipað í fjóra hópa til að fara yfir tillögurnar og forma athugasemdir.

Í lokin voru athugasemdir ræddar. Hóparnir skiluðu einnig skjölum með athugasemdum til Sólrúnar starfsmanns. Umræðan var góð og málefnaleg.

Fundurinn samþykkti að stýrihópur ynni áfram með plaggið með tillögunum og kláraði það. Það yrði síðan lagt fyrir aðila samstarfsráðsins.

Staða verkefna

Vefur samstarfsráðsins

hefur nú verið uppfærður og fyrir liggur að senda tilkynningu til kennara og skólastjórnenda um það. Að uppfærslunni komu Magnús Valur Pálsson grafískur hönnuður, Atli Þór

Kristbergsson sérfræðingur í wordpress ásamt Sólrínu starfsmanni. Kynningarhópur samstarfsráðsins stóð annars að uppfærslunni. Meðal þess sem er nýtt er að fólk getur orðið áskrifendur að færslum/fréttum vefsins.

Bent var á nokkur atriði sem eru á dagskrá annars staðar og rétt þykir að tengja við á vef okkar. (Á vegum háskóla en einnig sveitarfélaga).

Þróunarverkefni um stoðkerfi við starfsþróun

sem skipulagt eru á vegum samstarfsráðsins er komið vel af stað. Um er að ræða tveggja ára verkefni þar sem fjórir skólar (leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóli) taka þátt. Sérstök áhersla er lögð á aðkomu háskólanna að þróun stoðkerfisins í samvinnu við viðkomandi skóla.

Um þessar mundir erum við að fá áfangaskýrslur frá skólunum. Tveir sérfræðingar, þær Birna Sigurjónsdóttir og Hjördís Þorgeirsdóttir hafa verið ráðnar til að meta verkefnið. Allt virðist ganga vel og það er mikil jákvæðni í kringum verkefnið.

Nánar má lesa um þróunarverkefnið á vefnum. Þar eru einnig viðtöl við þátttakendur.

Samspil 2018

er verkefni sem snýst um starfsþróun. Menntamiðja, samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda og stýrihópur um úttekt á menntun fyrir alla stóð að verkefninu, en því er nú lokið.

Markmið SAMSPILS 2018 er meðal annars að þátttakendur fræðist um starfsþróun og nýjar kennsluaðferðir og námstækni fyrir fjölbreytta nemendahópa um leið og þeir taka þátt í að byggja upp öflug og kvik starfssamfélög skólafólks á netinu og í raunheimum.

Önnur mál

Anna María (KÍ) lagði til að formlega skildi farið fram á framlengingu starfstíma samstarfsráðsins. Það mætti ekki myndast hlé í starfsemi þess. Þórður (hjá Sambandinu) og fleiri studdu við tillöguna.

Sólrún Harðardóttir skrifaði fundargerð.